

CLT HÚS - FERLIÐ

1. HUGMYND FÆÐIST

BYKO hefur látið útbúa hugmyndir að nokkrum húsum. Þessi hús eru seld með teikningum, CLT einingum og gluggum. Teikningarnar eru aðaluppdrættir ásamt verkeikningum arkitekts, burðarþolsteikning CLT eininga, lagnateikningar og raflagnahönnun (stig 1).

2. FUNDUR

Kaupandi hefur samband við BYKO og óskar eftir fundi með sölumanni BYKO CLT húsa. Mikilvægt er að kaupandi hafi kynnt sér deiliskipulag svæðisins, hvað varðar stærð, húsform og aðrar kvaðir.

Nauðsynleg gögn og upplýsingar

- Nafn kaupanda
- Kennitala kaupanda
- Heimilisfang
- Símanúmer
- Netfang
- Verkstaður
- Deiliskipulag
- Landnúmer ásamt staðgreini
- Lóðablöð
- Áætlaður framkvæmdartími

Í framhaldi af fundi er gerð gróf kostnaðaráætlun sem innifelur kostnað við gerð teikninga, framleiðslu á CLT einingum, ásamt gluggum og hurðum. Ef um önnur hús en BYKO CLT hús er að ræða þarf eftirfarandi gögn:

- Aðaluppdrætti
- Magnskrá festinga
- Einingateikningu

Að auki getur BYKO útvegað allar festingar sem hönnuður burðarvirkis ákveður hverju sinni. Einnig einangrun, klæðningu og hvað eina sem þarf til að fullklára hús (fyrir utan raflagnaefni og steypu í sökkla).

3. TILBOÐ

Eftir að öll gögn hafa borist mun BYKO í framhaldi senda tilboð með sundurliðuðu verði í CLT einingar, gluggar og hurðir, limtré og festingu ásamt skilmálum eftir því sem við á hverju sinni. Einnig er hægt að fá verð í annað byggingarefni, t.d. utanhússklæðningu, pallaeefni, innréttingar, lagnaefni og fleira.

ATH! Tilboð eru háð gengi evru ásamt því að taka mið af breytingum á heimsmarkaðsverði á timbri og öðrum íhlutum. Þegar um er að ræða heilsárshús BYKO fylgja einnig allar teikningar.

Þar sem mikil óvissa er um hráfnisverð á heimsörkuðum getur verð breyst til hækkunar/lækkunar. BYKO áskilur sé rétt til verðbreytinga ef afhending er fjórum mánuðum frá undirritun samnings.

4. SAMNINGUR

Þegar náðst hefur grundvöllur að samstarfi er samningur útbúinn, þar sem fram koma upplýsingar um vöru og þjónustu, greiðsluskilmálar ásamt skyldum og kvöðum kaupanda. Samþykki viðskiptaráðgjafa BYKO á greiðslutryggingum þarf að liggja fyrir áður en samningur kemst á.

Áður en gerð aðaluppdráttu hefst, skal kaupandi skrá hönnunarstjóra og byggingarstjóra á verkið í gátt viðkomandi sveitarfélags.

5. FRAMLEIÐSLA

Þöntun ásamt fullbúnum hönnunargögnum send til framleiðanda. Einnig skal ákveða hvaða hífingaaðferð á CLT einingum verður notuð á verkstað. Það eru margir möguleikar í boði við útfærslu á þessum verkþætti m.a. lykkjur, strappar, sérhæfðar hífingaskrúfur og búnaður til að krækja í þær. Framleiðandi sendir framleiðsluteikningar til samþykkis. Hönnuðir rýna og staðfesta. Þegar staðfesting liggur fyrir hefst framleiðslan. Áætlaður afgreiðslutími upplýstur og kaupandi látinn vita.

6. FLUTNINGUR

Varan er flutt í gámi eða opnu fleti. Þegar sendingin kemur til landsins er kaupandi látinn vita, og afhending á einingum skipulögð. Hægt er að fá gám og/eða opið fleti flutt á byggingarstað á kostnað kaupanda. Athugið að heimilt er að hafa gám og eða fleti í **15** daga án aukagjalds flutningsaðila. Við getum flutt einingar á fletum, gámum eða trukkum beint á verkstað. Uppröðun á vagna eða gáma er unnið í samráði við kaupanda.

7. REISING

Til að geta reist BYKO CLT hús þarf kaupandi að útvega byggingarstjóra ásamt öllum þeim iðnmeisturum sem þarf til að ljúka byggingunni, t.d. byggingarmeistara, pípulagningarmeistara, múrarmeistara, og rafvirkjameistara. BYKO er ekki verktaki og mun í engum tilfellum gefa heildarverð í einingar og uppsetningu. Kaupandi þarf að tryggja upplýsingar frá byggingarfulltrúa um að heimilt sé að reisa bygginguna.

8. BYKO CLT HÚS

Við verklok hittast kaupendur og söluaðili og fara saman yfir verkið. Í framhaldinu fer fram lokauppgjör og farsælu samstarfi fagnað. Nýtt BYKO CLT hús er þá tilbúið til notkunar.

